

**Sp.**

**449. Nefndarálit**

[204. mál]

um till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Þessari þingsályktunartillögu var vísað til utanríkismálanefndar 3. marz, og fundur var haldinn í nefndinni samdægurs. Mætti ég á fundinum sem varamaður, þar sem aðalmaður Alþýðubandalagsins í nefndinni, Finnbogi R. Valdimarsson, var veikur.

Á þessum fundi utanríkismálanefndar var reynt að afla nokkurra upplýsinga um milliríkjasamning þann, sem þáltill. fer fram á að ríkisstjórninni sé heimilað að gera, en mjög lítið tóm og aðstaða gafst til þess, og þær upplýsingar, er fengust frá ráðherrum og tilkvöddum embættismönnum, voru af mjög skornum skammti.

Aðspurður um tímagildi samningsins, svaraði Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra því, að hann væri óuppsegjanlegur, með öðrum orðum gildi um aldur og ævi.

Aðspurður um, hvort hann vildi birta yfirlýsingu brezku stjórnarinnar um, að hún færi ekki fram á framlengingu eftir 3 ár, sem sami ráðherra kvaðst hafa, neitaði hann að láta nefndinni þá yfirlýsingu í té.

Þá var ráðherrann aðspurður, hvort búast mætti við, að aðrar þjóðir færu í kjölfar Breta. Kvað hann mega búast við því, að aðrar þjóðir færu fram á hið sama og Bretar nú fengju og væri ekki hægt að neita þeim um það.

Hvað íslenzku togarana og veiðar þeirra snertir kváðu dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra samþykkt þáltill. hafa í för með sér endurskoðun á afstöðu þeirra.

Þá var Davíð Ólafsson fiskimálastjóri tilkvaddur og beðinn að gefa nefndinni álit sitt um, hver áhrif þær ráðstafanir, sem samþykkt orðsendinganna mundi hafa í för með sér, hefðu á fiskistofninn. En samkvæmt lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948 ber Fiskifélagi Íslands að gera tillögur til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, áður en reglugerð er út gefin, en samþykkt þessarar þáltill. jafngildir útgáfu reglugerðar.

Eigi fengust svör um, hvort slíkt álit yrði gefið. Yfirleitt var greinilegt, að ekki átti að veita tíma né aðstöðu til þess að láta fram fara á vegum nefndarinnar þá raunsæju rannsókn, sem svo mikilvægur samningur sem þessi krefst.

Klofnaði því nefndin bráðlega. Fulltrúar stjórnarflokkanna, fjórir að tölu vildu samþykkja þáttill, en þrír, fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins, voru andvígir henni.

Afstaða mín til málsins er sú, að ég legg til, að þáttill verði felld, en mun hins vegar freista þess ásamt öðrum minni hluta nefndarinnar að leggja fram til vara breytingartillögur við samninginn.

Skal nú vikið að samningnum sjálfum og hinum einstöku atriðum hans.

#### Réttindaafsal um aldur og ævi.

Það ákvæði þessa samkomulags, sem mesta undrun vekur og er háskalegra en allur annar undansláttur, sem í því felst, er það, að Íslendingum er ætlað að falla frá rétti sínum um einhliða aðgerðir til breytinga á fiskveiðilandhelgi sinni um aldur og ævi. Slik skuldbinding í milliríkjasamningi hefur aldrei fyrr verið gefin í allri sögu Íslendinga.

Engir samningar, hvorki þeir, sem Danir gerðu að Íslendingum forspurðum, á meðan þeir fóru sem yfirþjóð með málefni okkar sem sinnar nýlendu, né heldur neinir samningar Íslendinga sjálfra, hafa tekið þannig réttinn um alla framtíð af öldum og óbornum, eins og þessi samningur á að gera. Hinn illræmði NATO-samningur átti þó ekki að gilda nema í 20 ár.

„Herverndarsamningurinn“ svonefndi er uppsegjanlegur að fullu og öllu á 1½ ári.

En nú ætlar ríkisstjórn Íslands með knappan meiri hluta Alþingis á bak við sig og í miklum minni hluta meðal þjóðarinnar að svipta Íslendinga með samningi við Breta, sem gilda á um aldur og ævi, öllum rétti til einhliða ákvörðunar um lífshagsmunamál þjóðarinnar, stærð landhelginnar í kringum landið.

Hér er engin vafasöm eða umdeild fullyrðing á ferðinni. Ríkisstjórnin hefur sjálf á fundi í utanríkismálanefnd Alþingis lýst því yfir, að ákvæði samkomulagsins um tilkynningarskylduna til Breta með 6 mánaða fyrirvara og um skylduna til þess að lúta dómi Alþjóðadómstólsins um alla frekari stækkun landhelginnar sé óuppsegjanlegt og standi um alla framtíð. Þannig á að binda hendur Íslendinga um alla framtíð, þó að hver þjóðin af annarri tæki sér með einhliða ákvörðun miklu stærri landhelgi, t. d. landhelgi yfir öllu venjulegu landgrunni.

Þetta atriði samkomulagsins eitt er svo fjarstætt og niðurlægjandi og slíkt réttindaafsal af Íslands hálfu, að engum Íslendingi, sem raunverulega ræður gerðum sínum, ætti að koma til hugar að ljá samþykki sitt við samningi, sem felur það í sér.

#### Bretar upp að 6 mílum.

En þetta ákvæði er ekki einasta réttindaafsalið af Íslendinga hálfu samkvæmt þessu samkomulagi. Samkvæmt samkomulaginu er Bretum heimilað að stunda fiskveiðar upp að 6 mílna mörkunum svo að segja allt í kringum landið. Þeir eiga að vísu að færa sig lítils háttar til á miðunum við landið, en alla mánuði ársins eiga þeir að fá leyfi til þess að stunda togveiðar sínar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, — enginn mánuður fellur þar úr.

Hér er vissulega um meiri eftirgjöf að ræða af Íslands hálfu en flestir átta sig á í upphafi.

Augljóst er, að á fiskimiðunum fyrir Austurlandi verður um hreina ániðslu að ræða. Þar má erlendi flotinn skarka alla mánuði ársins upp að 6 mílum.

Fyrir Norðurlandi mega hin erlendu skip vera 4 beztu mánuðina, eða allt sumarið. Afleiðingin verður sú, að öll erlend síldveiðiskip, sem gerð eru út hér í norðanverðu Atlantshafi, geta ruðzt inn á beztu síldarmið okkar. Þrengslin á síldarmiðunum hafa þótt mikil undanfarin ár. En hvað verður nú næstu þrjú árin?

Tækninni fleygir fram. Ný og aður óþekkt tæki eru tekin í notkun svo að segja árlega. Norðmenn og Rússar telja, að ofveiði ógni síldveiðunum við Noreg

og í Norður-Atlantshafi yfirleitt. Fiskifræðingar þessara þjóða hafa varað við þessari ofveiði. En skilningur íslenzku ríkisstjórnarinnar á þessum málum er sá, að hún ætlar að steypa yfir sildarmið okkar mörg hundruð erlendum skipum.

Sildveiðisvæðið fyrir Norður- og Austurlandi er ekkert sérsvæði Norðlendinga og Austfirðinga. Það er veiðisvæði alls bátafloata landsmanna. Þangað sækja Vestmannaeyingar, Suðurnesjamenn, Breiðfirðingar, Vestfirðingar, Reykvíkingar og yfirleitt allir landsmenn, sem sildveiðar stunda. Hér er því verið að fórna hagsmunum allra landsmanna. Það mun líka koma brátt í ljós, að það ákvæði samkomulagsins að ætla að heimila erlendum og íslenzkum togurum að veiða á þeim svæðum við Vestmannaeyjar, við Eldey, í Faxaflóa og við Breiðafjörð, sem ráðgert er, mun valda vetrarútgerð bátaflotans á þessum slóðum gífurlegu tjóni.

Útlendir togarar fá með þessu leyfi til þess að stunda togveiðar þar, sem bátarnir hafa stundað og munu stunda vetrarveiðar sínar. Árekstrar hljóta að verða. Og fiskigöngum verður spillt.

Einhver beztu fiskimið landsins, eins og í Meðallandsbugt, við Hvalbak, út af Rauðanúp, við Eldey, í Jökuldjúpi og víðar, eiga að standa Bretum opin upp að 6 mílum einmitt þann tíma, sem veiðin er mest á þessum miðum.

#### Hvað gerist eftir 3 ár?

En verðum við þá ekki laus við þennan ófögnuð eftir 3 ár samkvæmt samkomulaginu? munu ýmsir spyrja. Því verður að svara neitandi, eða allar líkur benda því miður til þess, að svo verði ekki.

Orðalag samkomulagsins er að vísu við það miða, að Bretar fái leyfi til fiskveiða í íslenzkri landhelgi í næstu 3 ár, en hitt verður að hafa í huga, að í samkomulaginu er ekki eitt einasta orð, sem skuldbindur Breta til þess að hverfa út úr landhelginni að liðnum þessum 3 árum og virða íslenska landhelgi að þeim tíma liðnum.

#### Viðurkenning fékkst engin.

Þá er augljóst á samkomulaginu, að íslenska ríkisstjórnin hefur enga formlega viðurkenningu fengið fyrir 12 mílunum við Ísland.

Í 1. gr. samkomulagsins segir aðeins, að Bretar „falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland“. „Viðurkenning“ er hvergi orðuð, heldur aðeins „að falla frá mótmælum“.

Nú hefur dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, rauverulega viðurkennt í umræðum á Alþingi um málið, að það sé rétt, að formleg viðurkenning hafi ekki fengizt. Orðrétt sagði Bjarni Benediktsson þetta:

„Hitt er annað mál, að Alþingi hefur aldrei falið ríkisstjórninni að afla viðurkenningar Breta um 12 mílna fiskveiðilögsöguna, þegar af því, að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfa aðra viðurkenningu Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum.“

Dómsmálaráðherra játar þannig, að viðurkenningin hafi ekki fengizt, en hann afsakar það með því að segja, að Alþingi hafi ekki falið ríkisstjórninni að afla slíkrar viðurkenningar, heldur aðeins að fá Breta til þess að hætta ofbeldisaðgerðum sínum.

Þessi afsökun er harla haldlítill, þar sem dómsmálaráðherrann hafði sjálfur lýst því yfir á Alþingi, áður en samkomulagið var gert, að grundvallarskilyrði frá Íslendinga hálfu fyrir samningi við Breta yrði fullkomin og óafturkallanleg viðurkenning á 12 mílna landhelgi Íslands. En aðalatriði málsins er það, að formlega og bindandi viðurkenningu á 12 mílunum hafa Bretar ekki viljað gefa. Það atriði í greinargerð ríkisstjórnarinnar, sem einna mest áherzla er lögð á og lesið var upp í útvarpið í tvo daga í röð, að Bretar hafi veitt viðurkenningu á 12 mílna landhelgi okkar, er því alrangt. Slík viðurkenning fékkst ekki.

### **Grunnlínupunktarnir gerðir að óbreytanlegum samningi.**

Grunnlínupunktarnir eru með þessu samningsuppkasti gerðir að óbreytanlegum samningi við brezku ríkisstjórnina. En grunnlínupunktana höfum vér enn samkvæmt íslenskum lögum rétt til þess að draga að vild, og til hins sama höfum vér ótvíræðan rétt bæði að alþjóðalögum og samkvæmt ákvörðunum sjóréttarráðstefnunnar í Genf.

Þessum réttindum öllum er verið að afsala þjóðinni með því að semja við Breta um nokkra punkta og gera það síðan háð samþykki þeirra eða Alþjóðadómstólsins í Haag, hvort breyta megi. Slíkt framferði er óafsakanlegt.

### **Aðrar þjóðir koma á eftir Bretum.**

Þá er það greinilegt og viðurkennt af ríkisstjórninni, að verði þessi samningur gerður við Breta, þá koma aðrar þjóðir á eftir og krefjast hins sama og fá það hjá ríkisstjórninni.

Af þessu leiðir, að aftur leggst sá aragrúi togara og annarra veiðiskipa að Íslandsströndum, sem þjóðin vildi bægja burt með aðgerðum sínum 1958. Afleiðingin liggur í augum uppi: Hættan á eyðingu íslenskra fiskimiða á ný.

Og með því að láta undan brezka ofbeldinu nú er verið að bjóða öðrum ofbeldisseggjum Atlantshafsbandalagsins, — segjum t. d. Belgum eða Vestur-Þjóðverjum, upp á sama leikinn að þrem árum liðnum: að halda herskipum inn fyrir tólf mílurnar — og fá svo sérréttindasamning til næstu þriggja ára, sem sjálfkrafa gildir fyrir hina andstæðinga 12 mílnanna!

Afleiðingarnar af þeirri vitaverðu undanlátssemi fyrir ofbeldinu og verðlaunun yfirgangsins, sem í þessum samningi felst, eru vissulega ófyrirsjáanlegar.

### **Viðbrögð andstæðinga vorra.**

Viðbrögð andstæðinga vorra erlendis við þessu uppkasti eru tvenns konar, og hefur þau borið nokkuð á góma í umræðum um þetta mál.

Hinir ofstækisfyllri meðal andstæðinga vorra, einkum í Bretlandi, vilja helzt hvergi hvika frá „ránsrétti“ Breta til að veiða upp að þrem mílum og óskapast yfir hvers konar „undanslætti“ frá þeim mörkum. Þetta er sams konar afstaða og harðvitugra nýlendudrottna, sem heldur vilja eiga á hættu að tapa öllu en að semja um eitthvert undanlát. — Ríkisstjórnin hefur notfært sér í allríkum mæli háværar raddir frá mönnum af þessu tagi og reynt að telja þær rökstuðning fyrir undanhaldi sínu. — Því fer fjarri, að svo sé. Sá hópur manna, sem hér á hlut að máli, mun alltaf halda í „sérréttindi“ og gamlan „ránsrétt“, svo lengi sem hann er ekki sviptur þeim, og hrópa hátt í hvert sinn, er nýfrjálsar þjóðir taka sér þann rétt, er fyrir þeim var haldið um áratugi eða jafnvel aldir.

Hinir vitrari meðal fjandmanna Íslendinga hugsa hins vegar raunsæjar um þessi mál, — og þar er ríkisstjórn Bretlands fremst í flokki, því að enginn frýr henni vits, þótt grunuð sé hún um græsku. Stjórn þessa ríkis, er var voldugast nýlenduríki heims í upphafi þessarar aldar, sér, hvert stefnir í heiminum: að þjóðir, sem áður voru undirokaðar, taka sér frelsi og eignast sjálfar auðlindir sínar, er auðhringar Breta og annarra kúgara jusu áður af. Ríkisstjórn Bretlands sér, að við þessa þróun fær hún ekki ráðið með ofbeldi. Hún verður því að haga málum þannig að reyna að tryggja arðránsaðstöðu brezku auðhringanna í löndum eða á fiskimiðum hinna nýfrjálsu þjóða. Ríkisstjórn og auðhringar Bretlands reyna því að nota áhrif sín og pólitísk sambönd við misvitra og skammsýna valdamenn þessara þjóða til þess að tryggja sér þau framtíðarítök í auðlindum þeirra, sem mestu skipta, þótt slá verði ofur litlu af á yfirborðinu, sem hvort sem er var tapað. Þess vegna álitur ríkisstjórn Bretlands klókt af sér að lofa að veiða aðeins 3 ár á svæði, sem hvort sem er var lokað, — en véla samtímis valdhafa Íslands til að afsala einkarétti Íslands til frekari útfærslu á landgrunninu, sem auðvitað er aðalatriðið fyrir Breta.

Brezku ríkisstjórninni er þetta ljóst, og henni tekst líka að sannfæra forustumenn togaraeigenda og annarra, sem mest básúna út óánægju sína, um, að þetta sé klókleg pólitík. En hún kærir sig ekki um að hafa of hátt um þetta, meðan verið er að véla Íslendinga til að afsala sér einkarétti til lögsögu yfir landgrunninu um aldur og ævi.

Samt er það svo, að bresk blöð hafa ekki dulið áægju sína með það, að frekari einhliða útfærsla íslenzkrar fiskveiðilögsögu sé stöðvuð með þessum samningi, og segja það réttilega höfuðatriðið.

Þetta þarf Alþingi og þjóðin einnig að gera sér ljóst til þess að skilja höfuðinntak þessa samnings og láta ekki hávær hróp ofstækisfyllstu og skammsýnustu andstæðinga vorra villa oss sýn um það, að með þessum samningi eru þeir vitrari hinna völdugu fjandmanna Íslendinga að heimta framtíðarsigurinn til sín, að svo miklu leyti og svo lengi sem brezkt auðvald fær einhverju ráðið í heiminum.

#### Voðinn vegna breyttrar veiðitækni.

Þegar ríkisstjórn leggur til að gera samning, sem varðar líf og afkomu Íslendinga um alla framtíð, verður að gera ráð fyrir því, að hún hafi hugsað fyrir þeirri gerbyltingu í veiðitækni, sem fram undan er. Það sést líka af hinni hvítu bók ríkisstjórnar Íslands, er lögð var fyrir Sameinuðu þjóðirnar í september 1958, að hún gerir ráð fyrir hugsanlegri notkun „risavaxinna verksmiðjuskipa útbúinna rafmagnstækjum og -dælum“ eins og þar segir orðrétt („The Icelandic Fishery Questions“, bls. 17). Það má því eins búast við brezkum flota búnum slíkum ógnar-eyðingartækjum, og gagnvart slíkum voðavélum veiðitækninnar yrðu 12 mílur vart meiri vernd en 1, 2 eða 3 mílur áður. Hins vegar höfum vér Íslendingar sára og dýra reynslu af því, hve langan tíma það tekur að fá sett alþjóðalög eða reglur, er verndi fiskistofn vorn gegn nýrri tækni. Botnvarpan var líka eitt sinn bylting í veiðitækni, og enn stendur haráttan á lagasviðinu við afleiðingar hennar.

Það er því ljóst, að afsal einhliða lögsögu Íslendinga yfir landgrunninu býður voðanum af nýrri veiðitækni heim, auk alls annars. Og vér Íslendingar stæðum, ef þessi samningur væri gerður, varnarlausir uppi til einhliða aðgerða, meðan ekki væri búið að koma á skynsamlegum alþjóðareglum. Og það getur tekið langan tíma, eins og dæmin sanna.

Enginn varnagli er við þessu sleginn í uppkastinu. Bretar geta þess vegna hafið veiðar með rafmagnsdælum í Kolluál eða Meðallandsbugt og víðar, — og þá má ætla, að mörgum útvegshóndanum taki að þykja „þröngt fyrir dyrum“.

Óuppsegjanlegur samningur á þessum tímum óðfluga tækni framfara er því voði, sem verður að afstýra.

#### Einn veigamesti þáttur sjálfstæðisbaráttunnar svikinn.

Þegar Ísland forðum var sjálfstætt ríki, mun landgrunnið hafa verið vort í meðvitund manna og leyfi landsráðenda þótt nauðsynlegt til veiða þar. Á niðurlæg-ingartímum nýlendukúgunarinnar var þó landhelgin talin 32, 24 og síðast 16 sjómílur, unz brezki ræninginn, seigur með sölusamninga, kom henni niður í 3 sjómílur 1901 með svinakjótssamningnum við Dani, — en gegn mótmælum Íslendinga.

Það er vor náttúrlegi réttur sökum hinnar sérstöku legu lands vors og landgrunns og vegna þeirrar lífsnauðsynjar vorrar að lifa á fiskveiðum að hafa lögsögu yfir landgrunni Íslands til þess að tryggja fiskstofninn þar. Aðrar þjóðir telja sig eiga botninn undir hafinu umhverfis sig, a. m. k. í 100 metra dýpi. Vér viljum einnig ráða þessum botni, hvort hann er skafinn með drápstækjum, hvort grandað er þeim lífsgróðri, sem við hann dafnar. Vér viljum hafa lögsögu yfir fiskveiðum á þessu landgrunni líka í þágu þess verkefnis að afla matvæla handa öðrum og tryggja vöxt og viðgang fiskstofnsins.

Eins og það er og var vor náttúrlegi réttur að ráða þessu landi einir og frjálsir, — réttur, sem alda arðrán og undirokun gat ekki eyðilagt, — eins er það vor náttúr-

legi réttur að hafa lögsögu yfir þess landgrunni til þess að tryggja tilveru vora, sem byggist fyrst og fremst á fiskimiðunum.

Það hlaut því að vera einn veigamesti þáttur sjálfstæðisbaráttu vorrar, er vér tókum að hefja oss upp úr nýlenduástandinu, að binda enda á ránsvald og ránsyrkju þjóða eins og Breta á fiskimiðum vorum.

Eftir að vér Íslendingar endurreistum lýðveldið 1944 og ákváðum að taka í vorar hendur óskoruð yfirráð yfir landi voru, svo sem vér höfðum að fornu, var og flestum ljóst, að sams konar yfirráðum þurftum vér að ná yfir landgrunninu, a. m. k. hvað snerti fiskveiðar og vernd fiskstofns. Því var með lögum um „vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins“ frá 1948 lýst hátíðlega yfir lögsögu íslenska ríkisins „innan endimarka landgrunnins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti.“ Á þeirri lögsögu og þeim lögum hafa allar útfærslur fiskveiðilögsögunnar síðan byggzt.

Þetta var þá mikilvægt spor í áttina til fullra yfirráða þjóðarinnar yfir öllu landgrunninu, — stórt spor í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, stigið af öllum flokkum þingsins í sameiningu og því hátíðlega lofað af ríkisstjórn þeirri, er þá fór með völd, að samráð yrði ætíð haft við alla flokka um framkvæmd þessa máls.

Með þessu samningsuppkasti, ef samþykkt yrði, er þessi löglýsti réttur vor til lögsögu um fiskveiðar á landgrunninu gerður háður brezku samþykki og úrskurðum Alþjóðadómstólsins, en ekki íslenskum reglum, svo sem lög vor mæla fyrir um.

Lögin um landgrunnið frá 1948 eru skert og brotin, ef þetta uppkast er samþykkt. Samningurinn við Breta, ef gerður verður, táknað uppgjöf á lögsögu Íslands eins yfir landgrunni voru um aldur og ævi, ef tillögumenn þáttill. fengju vilja sinn fram.

Þetta væru svik við eitt veigamesta sjálfstæðismál þjóðarinnar, svik við þá hugsjón, sem landgrunnslögin frá 1948 byggðust á.

Það væri verið að afsala rétti vor Íslendinga og vor einna til lögsögu yfir landgrunninu, þeim er vér lýstum 1948 allir sem einn með lögum frá Alþingi Íslendinga.

### **Ofbeldi Breta löggilt. Hagsmunum Íslendinga fórnað fyrir Atlantshafsbandalagið.**

Brezka ríkisstjórnin hefur að áeggjan hinna völdugu brezku auðhringa, er ráða brezka togaraflothanum, beitt Íslendinga ofbeldi, ein allra ríkisstjórna. Það orkar ekki tvímælis, að aldrei hefði komið til mála að gera þennan samning, nema þessu ofbeldi hefði verið beitt. Það niðingsbragð brezka herveldisins að ráðast á vopnlausu smáþjóð, sem á að heita „bandamaður hennar“, er undirrot þeirra „samninga“, sem ríkisstjórnin hefur staðið í, og þessa samningsuppkasts.

Nú er lagt til að verðlauna niðingana fyrir ódæðið, veita ofbeldismönnum sérréttindi til afskipta af lögsögu Íslands um aldur og ævi.

Öldum saman drottnuðu Danir yfir landi voru með svivirðilegum hætti, án þess að forfeður vorir nokkru sinni viðurkenndu rétt danska ríkisins til slíkrar drottunar.

Nú á að gefast upp fyrir brezku ofbeldi eftir nokkurra mánaða taugastríð og veita brezkri ríkisstjórn óhæfilegan rétt til afskipta af íslenskri lögsögu, — og það án þess að þeir hafi bilað, sem það taugastríð fyrst og fremst mæddi á, varðskipsmenn vorir.

Það er annað, sem veldur undanhaldinu og uppgjöf réttinda vorra. Það er undirgefni valdhafanna á landi voru undir það auðvald, er ræður Atlantshafsbandalaginu. Þetta bandalag hinna fornu, völdugu nýlenduvalda reynir um allan heim að halda í hin gömlu séraréttindi og arðránsaðstöðu auðmannastéttanna í löndum þeim, sem þær hafa arðrænt og undirokað. Hér reynir brezka auðvaldið að halda í sinn gamla „ránsrétt“ á fiskimiðum vorum og fær til þess aðstoð annarra nýlenduræningja í þessu bandalagi nýlenduvaldanna.

Valdhafar vorir láta nú undan þessum ofbeldismönnum til þess að þóknast þessu ofbeldisbandalagi.

Eigi hefðum vér getað endurreist lýðveldið á Íslandi 1944, ef forfeður vorir hefðu gert slíka óafturkallanlega og óuppsegjanlega samninga um land vort sem valdhafar vorir nú leggja til að gera um landgrunnið.

Það ber því að lýsa sökinni af ofbeldinu og uppgjöf þeirri, sem í þessu uppkasti felst, á hendur brezka hervaldinu, Atlantshafsbandalaginu og erindrekum þess á Íslandi, þeim veikgeðja valdhöfum, er nú leggja til við Alþingi að samþykkja þennan samning.

Það hlýtur hins vegar að vera ljóst, að íslensk þjóð er óbundin um alla framtíð af samningi, sem annars vegar er til kominn fyrir ofbeldi og hervaldsbeitingu, en hins vegar samþykktur af stjórnarliði, sem ekkert umboð hefur til slíks frá þjóðinni, heldur hafði þvert á móti hátíðlega heitið í kosningum að hvíka hvergi frá 12 mílna fiskveiðilögsöguani og lögunum um lögsögu Íslands yfir landgrunninu.

Forsætisráðherra núverandi stjórnar, Ólafur Thors, lýsti yfir á Alþingi s. l. vor eftirfarandi: „Ég hef enga heimild til þess að afsala þjóð minni 12 mílum.“ — Og þá hefur ríkisstjórnin enn síður umboð til að afsala þjóðinni einkarétti á landgrunninu.

Íslensk þjóð er óbundin af þessum samningi nauðungar og svika.

Hins vegar skal þeim, er þennan samning vilja gera, gefinn kostur til að gera það á löglega bindandi hátt með því að leggja hann undir þjóðardóm í þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir um mál, er mest umdeild og örlagaríkust gætu orðið.

Mun ég ásamt fulltrúum Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd flytja tillögu um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu, er fram færi, ef meiri hluti Alþingis samþykkir þáttill. Mun ég og ásamt þeim flytja til vara breytingartillögur við orðsendinguna til brezku ríkisstjórnarinnar til þess að freista að afstýra örlagaríkustu ákvæðum hennar. Alger samstaða er milli Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins um afstöðuna gegn þessari þingsályktunartillögu og um breytingartillögur við hana til vara, þótt vér fulltrúar flokkanna gerum grein fyrir afstöðu vorri hvor um sig.

Höfuðtillaga mín er, að þáttill. verði felld.

Alþingi, 5. marz 1961.

Einar Olgeirsson.